

Yfirlitssýning á verkum

Valtýs Péturssonar

í Listasafni Íslands

Um þessar mundir stendur yfir í Listasafni Íslands yfirlitssýning á verkum Valtýs Péturssonar.

Sýningin spannar allan listferil Valtýs, allt frá því að hann var við nám í Bandaríkjunum 1944–46 til verka frá þessu ári. Eru þar alls 127 verk, olíumyndir, mósaík og gvassmyndir.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út vönduð sýningarskrá og litprentað plakat. Sýningin er opin virka daga kl. 13.30–18.00 og um helgar kl. 13.30–22.00.

Gítartónleikar


í Austurbæjarbíói

Fyrstu tónleikar Tónlistarfélagsins á þessum vetri verða haldnir í Austurbæjarbíói á morgun, laugardaginn 25. október, og hefjast þeir klukkan 14.30.

Pétur Jónasson gítarleikari mun leika verk eftir spænsku tónskáldin Tarrega og Moreno-Torroba, mexíkanska tónskáldið Manuel M. Ponce og auk þess frumflytja nýtt verk eftir Kjartan Ólafsson, Tilbrigði við jómfrú.

Pétur er einn af okkar ungu tónlistarmönnum sem hefur vakið athygli í tónlistarheiminum. Í sumar var hann ásamt 11 gítarleikurum valinn úr stórum hópi til þess að taka þátt í námskeiði Andrés Segovia í Bandaríkjunum. Framundan hjá Pétri eru tónleikar í Evrópu, Ísrael og Bandaríkjunum.

Miðar á tónleikana eru seldir í bókabúð Lárusar Blöndal, í Ístóni og við innganginn.



Pétur Jónasson gítarleikari er einn af okkar ungu tónlistarmönnum sem hefur vakið athygli í tónlistarheiminum.

List og fagurfræði

í Nýlistasafninu

Í gærkvöldi var opnuð í Nýlistasafninu, Vatnsstíg 3b, sýning á verkum eftir Níels Hafstein og ber hún yfirskriftina List og fagurfræði.

Verkin á sýningunni eru byggð á dýptarskyni í tvívídd og þrívídd, nálægð og fjarlægð, tíma og hugsun.

Sýning Níelsar Hafstein er opin á virkum dögum frá kl. 16–20 og um helgar frá 14–20, henni lýkur sunnudaginn 2. nóvember. Aðgangur er ókeypis.

Erla

sýnir á Kjarvalsstöðum

Á morgun, 28. október kl. 14.00, opnar Erla B. Axelsdóttir myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum.

Erla stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík 1975–1982 og listadeild Skidmors háskóla, Saratoga Springs, New York, 1984. Þetta er fimmta einkasýning Erlu en jafnframt átti hún verk á sýningunni „Reykjavík í myndlist" á Kjarvalsstöðum síðastliðið sumar.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verða um það bil 40 pastelmyndir sem *unnar eru á 2–3 síðastliðnum árum.* Erla vinnur í olíu, pastel og kol en eins og fyrr segir sýnir hún einungis pastelmyndir núna og eru verkin öll til sölu.

Sýning Erlu á Kjarvalsstöðum verður opin daglega frá kl. 14–22 og stendur til 9. nóvember.



Stefja, eitt verka Björgvins, unnið á þessu ári.

Björgvin opnar sýningu

Á morgun, laugardaginn 25. október, opnar Björgvin Sigurgeir Haraldsson sýningu á myndverkum sínum á Kjarvalsstöðum.

Sýningin verður opin daglega kl. 14–22 og mun hún standa til 9. nóvember.

Kvenfélag Kópavogs

Félagsvist verður mánudaginn 27. október kl. 20.30 í Félagsheimilinu. Allir velkomnir.

Haustkaupstefna Hana nú

Haustkaupstefna fristundahópsins Hana nú verður í Félagsheimilinu Fannborg 2, 2 hæð, sunnudaginn 26. október kl. 15. Á boðstólum verða „Hnallþórur" af öllum stærðum og gerðum, gulrætur, kleinuhringir, vettlingar, lukkupokar og fl. Skemmtatriði kl. 15.30 og 16 óvæntar uppákomur. Komið gerið góð kaup njótið skemmtiatriðanna. Kaupið ykkur rjúkandi kaffi og ilmandi vöfflur með rjóma og rabarbarasultu. Allir vinir og velunnarar Hana nú velkomnir.

Afmæli Geðhjálpar

Haldið verður upp á afmæli Geðhjálpar í Félagsmiðstöðinni, Veltusundi 3 b, laugardaginn 25. október kl. 14 18. Veislukaffi. Allir velkomnir. Opið hús hjá Geðhjálp er sem hér segir: Á fimmtudögum kl. 20 22.30, föstudögum kl. 15 18 og laugardögum kl. 14 17.

Íslenska Óperan

Óperan Il Trovatore eftir Verdi verður sýnd föstudagskvöld kl. 20 og er það jafnframt síðasta sýningin. Hljómsveitarstjóri er David Parry, en hann stjórnaði einnig fjórum sýningum í maí sl.



Þjóðleikhúsið

Uppreisn á Ísafirði og Tosca

Í kvöld verður tólfta sýning á Uppreisn á Ísafirði eftir Ragnar Arnalds í Þjóðleikhúsinu. Óperan Tosca eftir Puccini verður á stóra sviði Þjóðleikhússins á laugardags- og sunnudagskvöld. Laugardagssýningin var sett inn vegna mikillar aðsóknar en uppselt er á aðrar sýningar út mánuðinn. Kristján Jóhannsson fer í þrjár vikur til Bandaríkjanna um mánaðamótin vegna annarra verkefna og hefjast síðan sýningar á Toscu að nýju eftir miðjan nóvember.

Vatnslitamyndir til sýnis í Mokkakaffi og Ingólfsbrunni

Heike I. Hartmann sýnir 18 vatnslitamyndir í Mokkakaffi við Skólavörðustíg frá 20. okt til 9. nóv. og 12 myndir í Ingólfsbrunni í Miðbæjarmarkaði frá 12. okt til 20. nóv. Heike stundaði nám í myndlist bæði í Hamborg og Myndlistarskóla Reykjavíkur. Hún hefur verið búsett á Íslandi síðan 1962.

Ráðstefna hjá Sagnfræðingafélagi Íslands

Laugardaginn 25. október efnir Sagnfræðingafélag Íslands ráðstefnu um efnið **Iðnbylting á Íslandi – Umsköpun atvinnulífs um 1880 til 1940.** Ráðstefnan verður *haldin í Odda, húsi Háskóla Íslands,* kl. 13–18 eftir hádegi. Hún er öllum opin og áhugafólk um efnið er velkomið, bæði til að hlýða á erindið og taka þátt í umræðum. Fimm sagnfræðingar flytja stutt erindi um eftirtalin efni: **Gísli Gunnarsson:** Kenningar sem útskýra útbreiðslu þróaðs hagkerfis. **Guðmundur Hálfdánarson:** Aðdragandi iðnbyltingar á 19. öld. **Jón Þ. Þór:** Vélvæðing í íslenskum atvinnuvegum í upphafi 20. aldar. **Magnús S. Magnússon: Stéttargerð nýs tíma. Þorsteinn Helgason:** Skilyrði hraðþróunar á Íslandi og í þróunarlöndum samtímans.

Kynningarfundur II. ráðs málfreyja

verður haldinn í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli, Garðabæ, laugardaginn 25. *október kl. 15. Í öðru ráði Málfreyja* eru 8 deildir víðs vegar af landinu, þar af eru tvær deildir á Akureyri, ein á Mývatni en hinar eru á Reykjavíkursvæðinu. Málfreyjur vinna að því að þjálfa sig í ræðumennsku. Þá hafa þær verið með námskeið í talkennslu og framsögn, boðið stjórnmálamönnum á fundi til sín, sem þær halda tvisar sinnum í mánuði. Félag málfreyja er fyrir konur á öllum aldri.

Húnvetningafélagið

Félagsvist verður spiluð laugardaginn 21. október kl. 14 í félagsheimilinu Skeifunni 17, 3 hæð. Allir velkomnir.

Félag Snæfellinga og Hnappdæla í Reykjavík

Snæfellingar og Hnappdælir í Reykjavík! Notum nú tækifærið að hittast og skemmta okkur saman á fyrsta spilakvöldi vetrarins annað kvöld. Látum ekki letina ráða!

Nefndin

Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga fristundahópsins Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 25. október. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Hittumst öll í molakaffinu í upphafi göngunnar. Við sníðum svo gönguna eftir veðri og færð. Verið hlýlega búin. Markmið göngunnar er samvera, súrefni og hreyfing.

Eskfirðingar og Reyðfirðingar

Síðdegiskaffi fyrir eldra fólk úr þessum byggðarlögum verður sunnudaginn 26. október kl. 15 að Skipholti 50 a (sóknarsalnum).

Kvenfélag Neskirkju

minnir konur á aðalfund félagsins sem haldinn verður nk. mánudagskvöld kl. 20.30 í safnaðarheimili kirkjunnar.


Opið hús í Hlaðvarpanum

Opið hús verður í Hlaðvarpanum á mánudagskvöldum kl. 20.30 í vetur. Mánudagur 27. október:

Hver verður stefnan í kjaramálum kvenna í komandi kosningum? Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, form. Sóknar, Ragna Bergmann, form. Framsóknar og *Hulda Ólafsdóttir, form. Sjúkraliðafélags* Íslands, reifa málið. Á boðstólum verða léttar veitingar.

Kynningarsýning læknadeildarinnar framlengd

Vegna mikillar aðsóknar að kynningarsýningu (opnu húsi) læknadeildar sl. sunnudag verður sýningin opin sunnudaginn 26. október nk. kl. 13–18. Á sýningunni eru 28 *kennslugreinar innan læknadeildar* kynntar í máli og myndum og ýmis tæki til sýnis. Ennfremur er kynning á námi í læknisfræði, lyfjafræði lyfsala og sjúkraþjálfun og sýndar eru svipmyndir úr sögu læknakennslu. Þá er kynning á nýbyggingu læknadeildar og tannlæknadeildar. Nemendum í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla er sérstaklega boðið á sýninguna. Sýningin er í nýbyggingu við Vatnsmýrarveg 16, nálægt Umferðarmiðstöðinni.



Nýtt jólakort frá Ásgrímssafni

Jólakort Ásgrímssafns 1986 er komið út. Það er prentað eftir vatnslitamyndinni Haust á Þingvöllum. Myndin, sem var máluð um 1949, er nú til sýnis á haustsýningu safnsins. Kortið er í sömu stærð og fyrri listaverkakort safnsins (16X22 sm) og er með íslenskum, dönskum og enskum texta á bakhlið. Grafík h/f offsetprentaði. *Listaverkakortið er til sölu í Ásgrímssafni,* Bergstaðastræti 74, á opnunartíma þess, sunnudögum, þriðjudögum og fimmtudögum, kl. 13.30–16 og í Rammagerðinni, Hafnarstræti 19.

Guðspekifélagið

Á morgun, laugardag 25. október, kl. 15.30 verður flutt af myndbandi erindi er J. Krishnamurti flutti hjá Sameinuðu þjóðunum upp úr 1980.

Skemmtun hjá Karlakórnum Fóstbræðrum

Karlakórinn Fóstbræður hefur hafið vetrarstarfið og standa nú yfir haustskemmtanir sem kórinn heldur fyrir styrktarfélaga. Flest undanfarin haust hefur kórinn haldið slíkar skemmtanir og hefur það styrkt samband milli kórsins og styrktarfélaga. Næsta skemmtun kórsins verður nk. laugardagskvöld. Síðustu skemmtanir verða hins vegar föstudagskvöldið 31. okt. og laugardagskvöldið 1. nóv. Skemmtanirnar byrja öll kvöldin kl. 20.30. Meðal skemmtiatriða má nefna söng kórsins, einsöng Ingibjargar Marteinsdóttur, píanóleik Jónasar Ingimundarsonar, kvartettsöng, gluntasöng og gamanþætti. Í tilefni af 70 ára afmæli kórsins verður efnt til sérstakra hátíðartónleika í Langholtskirkju laugardaginn 29. nóvember nk. en talið er að kórinn hafi verið stofnaður um þetta leyti 1916.

Ferðalög

Ferðafélag Íslands

Kl. 13 Jósepsdalur –Ólafsskarð –Sauðadalahnúkar

Ekið á móts við Litlu kaffistofuna, gengið inn í Jósepsdal yfir Ólafsskarð og á Sauðadalahnúka. Verð kr. 350. **Nú fást öskjur fyrir árbókina, Ferðir og fréttabréfið á skrifstofunni Öldugötu 3.** Brottför í gönguferðina frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Útivistarferðir

Dagsferð sunnudaginn 26. okt. kl. 13. Á útilegumannaslóðum í Marardal.

Áhugaverð ferð þar sem skoðaður verður útilegumannahellir við Marardal undir leiðsögn Lýðs Björnssonar sagnfræðings, en frásögn hans um þessar útilegumannaslóðir mun birtast í ársriti Útivistar er kemur út á næstunni. Létt og falleg gönguleið. Nánari uppl. í símsvara 14606. Brottför frá BSÍ, bensinsölu. Verð 500 kr., frítt f. börn m. fullorðnum. Útivistarfélagar, munið að greiða heimsenda gíróseðla fyrir árgjaldinu. Sjáumst.

Sýningar

Árbæjarsafn

Opið samkvæmt samkomulagi.

Ásgrímssafn,

Bergstaðastræti 74

Safnið er opið þriðjudaga, fimmtudaga og sunnudaga kl. 13.30–16.

Ásmundarsafn við Sigtún

Opnunartími safnsins er á þriðjudögum, fimmtudögum, laugardögum og sunnudögum frá kl. 14–17.

Ásmundarsalur við Freyjugötu

Örlygur Sigurðsson opnar sýningu á verkum sínum á morgun, laugardag.